


Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Samþykkt: SJ		
Síða 1-		

**Tegund fundar:** Skólanefndarfundur

**Fundarritari:** Helga Jóhannsdóttir

**Dagsetning:** 8.12.2021

**Fundarstjóri:** Steinn Jóhannsson

**Tími:** kl. 16:30

**Mætt:**

**Fundinn sátu:**

Hugrún R Hólmgeirsdóttir (fulltrúi kennara), Ásdís Þórólfsdóttir (fulltrúi kennara), Elva María Birgisdóttir forseti NFMH, Gylfi Guðmundsson (foreldrafélagi), Aðalsteinn Haukur Sverrisson (TEAMS), Magnea Gná Jóhannsdóttir, Margrét M. Norðdahl, Eyþór Laxdal Arnalds

**Tilefni:** Fundur nr. 2 á haustönn

**Forföll**

Einar Örn Evarsson

**Dagskrá fundarins er:**

1. Farið yfir hlutverk skólanefnda samkvæmt lögum um framhaldsskóla
2. Kosning formanns skólanefndar
3. Starfið á haustönn
4. Fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2022
5. Önnur mál
6. Göngutúr um skólann

**Fundargerð:**

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar sem skipuð var næstu fjögurra ára frá og með 1. nóvember 2021. Í nefndinni eru auk starfsfólks frá MH, fulltrúa foreldra og NFMH:

**Aðalmenn MRN án tilnefningar:**

Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Einar Örn Evarsson, Magnea Gná Jóhannsdóttir

**Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar:**

Margrét M. Norðdahl, Eyþór Laxdal Arnalds


**Fara yfir hlutverk skólanefndar**

Hlutverk skólanefndar skv. lögum um framhaldsskóla er:

*Úr lögum um framhaldsskóla*

*Grein 5. Skólanefndir.*

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kys sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Samþykkt: SJ		
Síða 2-		

### Hlutverk skólanefndar er að:

- marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
- vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
- staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
- vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
- vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
- vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
- veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

## Kosning formanns

Formaður verður kosinn á næsta fundi – þar sem einn aðalmaður var fjarverandi.

## Skólastarfið á haustönn:

Steinn sagði frá skólastafinu á haustönn

- Rúmlega 1000 nemendur á haustönn 2021. Starfið gekk vel og takmarkanir vegna Covid-19 höfðu lítið sem engin áhrif
- Nemendur voru með grímur, borð sótthreinsuð milli kennslustunda og hraðpróf skyld fyrir stærri viðburði nemendafélagsins.
- Skólinn er í samstarfi við Listdansskólana ( JSB, Klassíski og Listdansskóli Íslands) og Menntaskóla í tónlist. IB nám og 5 aðrar bóknámsbrautir (NÁT, FÉL, MÁL, OPB, TÓN ( sem er hætt að innrita inn á ) ) eru kenndar við skólann. Fjölnámsbraut starfar einnig við skólann með 15 nemendum. 110 starfsmenn, ca. 90 kennarar.
- Lítið um mannabreytingar og hár starfsaldur kennara.
- 10.000 fm<sup>2</sup> húsnæði, mjög góð íþróttastaða, raungræinastofur og glæsilegt bókasafn.


## NFMH

Elva María forseti nemendafélagsins sagði frá félagslífinu haust 2021.

- MH var fyrsti skólinn til að halda menntaskólaball, busaball (nýnemadansleik) og grímuball.
- Fullt af vikulegum viðburðum. T.d. saumakvöld tvisvar í viku, spilahittingar á bókasafninu einu sinni í viku, Föruneytið, o.m.fl.
- MH vs. Kvinnódagur og ýmislegt fleira.
- Hádeggið vel nýtt undir ýmsa viðburði.

## Fjárhagsáætlun

Ársnemandi á að ljúka 60 einingum á ári. Búist við að reka skólann með smávægilegum halla á næsta ári, en þá verður gengið á rekstrarafgang fyrri ára. Ársnemendum sem skólinn hefur skilað hefur fækkað og það þýðir færri ársnemendur í fjárlögum. Væntingar um að þeim fjölgi

Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Samþykkt: SJ		
Síða 3-		

aftur á næstu árum í samræmi við stærri árganga sem innritast í framhaldsskóla. Umræða um fjárlög í þinginu og rektor mun senda afrit af fjárhagsáætlun á skipaða fulltrúa í skólanefnd.

## Önnur mál

- Foreldrafélagið styrkir NFMH um dágóða upphæð á hverri önn sem sem notuð er til að bæta aðstöðu nemenda eða það sem þau kalla eftir
- Bent var á að þó að við værum ekki með listabraut við skólann, þá býður Opin braut upp á fjölbreytt tækifæri á sérhæfingu í myndlist, leiklist, listdansi og tónlist. ( 15 einingar í þriðju kjörgrein, og 25 einingar í vali = 40 einingar í tónlist)
- Spurt var um unga fólkið í dag og deyrðina sem virðist vera þar. Hvernig getum við stutt betur við nemendur í MH?
  - Inngildandi skólasamfélag – Taugsegin og skynsegin – hugtök sem mætti skoða.
  - Lífsleikni áfangi í MH ( fyrir nýnema) er í endurskoðunarferli.
  - Námsverið mætti kynna betur.
  - Hugleiðsla og núvitund – er það eitthvað sem við getum skoðað?
  - Lagt til að skoða þetta betur á næsta fundi út frá könnunum sem gerðar hafa verið í skólum.
  - Á næsta fundi mun minnisblað koma frá foreldrafélaginu þar sem þau munu hafa samband við NFMH og ræða við þau um hvaða skref væri hægt að taka í átt til betri líðan nemenda í MH.

## Ganga um skólann

Rektor fór með hluta hópsins í gönguferð um skólann og sýndi aðstöðuna.

Fundi slitið 17:40

Næsti fundur miðvikudaginn 24. janúar eða fyrstu vikuna í febrúar.

*Við viljum benda fundarfólki á að Strætó númer:13 stoppar í Hamrahlíð, 1-3-6 stoppar við Miklabraut/Hlíðar, 1-4 stoppar við Kringlumýrarbraut, 2 – 14 við Borgarleikhúsið, 57 við Kringlumýrarbraut/Miklabraut/Hlíðar, 18 Bústaðaveg*